

Fimmtudaginn 19. desember 1996.

Nr. 113/1996.

Davíð V. Magnússon

(Vilhjálmur Árnason hrl.)

gegn

Háanesi hf.

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Páll Sigurðsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. mars 1996. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 3.197.845 krónur með 2% ársvöxtum af 2.550.245 krónum frá 17. september 1993 til 9. maí 1995, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt krefst áfrýjandi dráttarvaxta af 647.600 krónum frá 1. janúar 1994 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í hér-aði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytis 10. apríl 1996 var honum veitt gjaf-sókn fyrir Hæstarétti. Loks er gerð krafa um staðfestingu sjóveðs-réttar í skipinu Guðrúnu Hlín, BA 122, til tryggingar dómkröfum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur stefnt Samábyrgð Íslands á fiskiskipum til réttar-gæslu fyrir Hæstarétti.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp af tveimur sérfróðum með-dómendum auk héraðsdómara. Með vísan til forsendna hans verður hann staðfestur.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Gjaf-sóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr

ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, 150.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. desember 1995.

Mál þetta var þingfest með stefnu, áritaðri um birtingu 9. maí sl. til þingfestingar hér fyrir dómi 11. sama mánaðar. Það var dómtekið 30. nóvember sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Stefnandi málsins er Davíð V. Magnússon, kt. 101070-2989, Norðurbraut 24, Hafnarfirði.

Stefndi er Háanes hf., kt. 410989-1749, Vatneyri, Patreksfirði.

Réttargæslustefndi er Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, kt. 540269-0179, Lágmúla 9, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða sér 3.197.845 kr. Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 2% ársvexti af 2.550.245 kr. frá 17. september 1993 til stefnubirtingardags og að vextir leggist við höfuðstólinn á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn einu ári eftir slysdag, 17. september 1994. Jafnframt er krafist dráttarvaxta af nefndri fjárhæð frá stefnubirtingardegi til greiðsludags.

Þá gerir stefnandi þær kröfur, að stefnda verði gert að greiða sér dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af 647.600 kr. frá 1. janúar 1994 til greiðsludags.

Stefnandi gerir og kröfu til málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Loks krefst stefnandi staðfestingar sjóveðsréttar í skipinu Guðrúnu Hlín, BA-122 (skipaskrárn. 00782), til tryggingar framangreindum dómkröfum með vísan til 2. tl. 1. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en auk þess málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda, né heldur gerir hann kröfur í málinu. Af hálfu réttargæslustefnda er tekið fram, að hann styðji kröfur og málflutning stefnda.

Stefnanda var veitt gjafsókn í málinu með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 9. desember 1994.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo:

Hann hafi starfað sem háseti á vélskipinu Guðrúnu Hlín, BA-122, í sept-

embermánuði 1993. Skipið hafi verið gert út til línuveiða. Hinn 17. september 1993 hafi hann slasast á auga við drátt á fiskilínu. Þegar slysið varð, hafi hann staðið við dráttarlúgu við línurúllu skipsins og unnið við að bera í eða gogga fiskinn af línunni, um leið og hann kom upp úr sjó. Skipið hafi verið við veiðar í Víkurál, þegar slysið varð, en þaðan sé 3-4 klukkustunda sigling til Patreksfjarðar, sem sé heimahöfn skipsins. Veður hafi verið allgott, 2-4 vindstig af austsuðaustri og undiralda ekki mikil. Línan hafi verið þung í drætti vegna mikils straums. Siglt hafi verið með stefnanda til Patreksfjarðar fljótlega eftir slysið, þar sem læknir hafi hlúð að honum, en síðan ákveðið að senda hann til innlagnar á Landakotsspítalann í Reykjavík. Engin sjópróf hafi verið haldin vegna atburðarins, eins og skylt sé skv. XIII. kafla siglingalaga, en 22. september s. á. hafi skipstjóri og stýrimaður komið til skýrslugjafar til lögreglu Barðastrandarsýslu á Patreksfirði. Þar hafi engin gögn verið sýnd né búnaður skipsins kannaður, s. s. línubútur, taumar, önglar o. fl., til rannsóknar á tildrögum slyssins.

Óljóst sé, hvað slysinu hafi valdið. Í lögregluskýrslu, sem tekin var af stýrimanni skipsins 22. september 1993, sé eftirfarandi bókað: „Mætti segir tildrög slyssins vera á þann hátt, að þegar þeir voru að draga línuna, hefðu tveir önglar komið kræktir saman upp á línurúllu, sem stendur út fyrir lunningu, og við það hefði slaki komið á sjálfa línuna. Við það að koma upp á rúlluna slitnaði annar taumurinn, sem tengi krókana við línuna, og slóst við það í andlit Davíðs. Mætti segist hafa verið að fylgjast með rúllunni úr brúarglugga, þegar þetta hefði átt sér stað.“ Stýrimaðurinn sé eina vitnið að atburðinum.

Stefnandi bendir á, að stýrimanni hafi borið að vara sig við og stöðva spilið með útláttarrofa, sem sé í brúnni, þegar hann sá, að hverju stefndi. Auk þess telur stefnandi, að leiða megir að því líkur, að línan hafi verið lögð skakkt eða flækst í beitingarvélinni, þegar hún var lögð í sjó, enda séu litlar líkur á því, að krókar krækist saman, eftir að lokið sé við að leggja línu. Þó kunni það að geta gerst með þeim hætti, að flækja á línunni rakni í sjónum eða við dráttinn, sem e. t. v. stafi af bilun eða galla í beitingarvél eða vanstillingu hennar. Einnig megir vera, að beitingunni hafi ekki verið stjórnað nægilega vel og línan því ekki verið sett með réttum hætti að vélinni, en hluti af þessum útbúnaði séu stokkar eða brautir, sem línan sé hengt á með krókunum og fari síðan í beitingarvélinu.

Stefnandi bendir einnig á, að hann hafi ekki séð neitt athugavert við línuna og því ekki haft tilefni til að stöðva línuspilið með rofa, sem var innan seilingar. Hann leggur áherslu á, að hann hafi staðið rétt að verki og ekki haft möguleika til þess að átta sig á yfirvofandi hættu. Hann eigi því enga sök á slysinu.

Þá telur stefnandi, að bilun eða galli í beitingarvélinni eða öðrum búnaði skipsins leiði til hlutlægrar ábyrgðar útgerðarmanns, stefnda í þessu tilviki. Sama gildi, verði líkur leiddar að því, að starfsmenn stefnda hafi ekki stjórnað beitingarvélinni réttilega eða öðrum tækjum eða búnaði og þess vegna orðið valdir að því, að línan flæktist eða krókar kræktust saman, en slysið verði vart rakið til annars en einhverra mistaka starfsmanna stefnda eða bilana eða galla í tækjum.

Enn fremur lítur stefnandi svo á, að stefndi hafi ekki sinnt þeirri laga-skyldu sinni að fá staðreynt, með hvaða hætti slysið hafi orðið. Því verði stefndi að bera hallann af ónógri sönnun og sönnunarbyrði um það, að hlutlæg ábyrgð eða húsbóndaábyrgð hvíli ekki á honum eftir reglum IX. kafla siglingalaga og almennum reglum skaðabótaréttar.

Stefnandi kveður slysið hafa valdið því, að hann missti sjón á hægri auga, og nú liggi fyrir, að það muni verða numið brott.

Jónas Hallgrímsson hafi metið örorku sína, sbr. matsgerð, dags. 26. janúar 1995. Niðurstaða örorkumatsins sé á þá leið, að varanlegur miski sé metinn 20%, haldi stefnandi auga sínu, en 25%, missi hann það. Fjárhagsleg örorka sé metin 20%.

Þá liggi fyrir álitserð örorkunefndar, sbr. lög nr. 50/1993, sem staðfesti örorkumat Jónasar Hallgrímssonar.

Stefnandi styður bótakröfur sínar við matsgerðina, en útreikningur þeirra miðist við ákvæði 6. og 7. gr. skaðabótalaga (skbl.) nr. 50/1993. Hann hafi verið háseti á fiskiskipinu Guðrúnu Hlín, þegar hann slasaðist. Síðustu tólf mánuði fyrir slys hafi hann hins vegar unnið margs konar störf eða verið atvinnulaus, eins og yfirlit frá skattstjóranum í Reykjanesumdæmi beri með sér. Því telur stefnandi rétt og eðlilegt að miða áætlaðar framtíðartekjur sínar við mat. Nærtækast í því efni sé að hafa til hliðsjónar meðaltekjur háseta á mb. Guðrúnu Hlín næstu tólf mánuði fyrir slysdag.

Skv. upplýsingum frá Lífeyrissjóði Vestfirðinga á Ísafirði hafi meðallaun fjögurra nafngreindra háseta á skipinu numið 1.442.713 kr. á tímabilinu frá 15. september 1992 til 15. september 1993.

Stefnandi sundurliðar bótakröfur sínar skv. framansögðu þannig:

I.

- | | | |
|--|-----|-----------|
| 1. Bætur fyrir varanlega örorku, sbr. 6. gr. skbl. | kr. | 2.164.070 |
| ($1.442.713 \times 7,5 \times 20\% = 2.164.070$) | | |
| 2. Bætur fyrir varanlegan miski, sbr. 4. gr. skbl. | – | 1.036.625 |
| (miskatala $4.146.500 \times 25\% = 1.036.625$) | | |
| 3. Bætur v/ tímabundins miski, sbr. 3. gr. skbl. | – | 197.100 |
| ($270 \times 730 = 197.100$) | | |

Samtals kr. 3.397.795

Inngreitt frá Samábyrgð 14. 2. '94 og 2. 9. s. á.	kr.	847.550
Skaðabætur	kr.	2.550.245

II.

1. Bætur fyrir tímabundið atvinnutjón, sbr. 2. gr. skbl.	kr.	622.600
2. Áætlaður útlagður kostnaður	–	25.000
Skaðabætur	kr.	647.600

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi eigi einn sök á slysi því, sem hann varð fyrir. Hann hafi staðið við dráttarlúgu og stjórnað dráttarspili, sem dró inn línuna, og goggað fisk af henni, jafnóðum og hún var dregin inn. Við þetta verk virðist svo sem tveir önglar hafi komið kræktir saman upp á línurúlluna, en við það hafi annar taumurinn, sem tengir krókana við línuna, slitnað og slegist í andlit stefnanda. Ástæða slyssins hafi því umfram allt verið sú, að stefnandi hafi ekki staðið rétt að umræddu verki. Hann viðurkenni að hafa ekki komið auga á, að krókarnir komu kræktir saman upp á rúlluna. Starf hans hafi falist í því að draga inn línuna og gogga fiskinn af henni, um leið og hann kom innbyrðis, þ. e. rétt áður en línun kom upp á rúlluna. Því hefði hann átt að sjá, ef krókar væru kræktir saman, og stöðva spilið til að gera línuna klára, áður en hún kom upp á rúlluna, en stöðvunarrofi sé á spilinu innan seilingar.

Þá mótmælir stefndi þeirri málásástæðu stefnanda eða skýringu hans á tildrögum slyssins, að það megi rekja til bilunar eða galla í beitingarvél eða öðrum búnaði, enda sé sú staðhæfing ósönnuð með öllu. Með sömu rökum sé þeirri staðhæfingu stefnanda mótmælt, að einhverjum starfsmönnum skipsins hafi orðið á mistök við störf sín, sem valdið hafi slysinu. Stefnandi hafi verið einn við vinnu á dekki, þegar slysið varð, en allir aðrir í áhöfn hafi starfað inni í skipinu. Stýrimaður hafi verið í brú og fylgst þaðan með rúllunni í um 12-14 m fjarlægð og séð, þegar slysið varð. Hann sé eina vitnið að atburðinum. Fráleitt sé, að hann hafi séð línuna eða krókana, áður en þeir komu upp á rúlluna, eða gefist nokkurt ráðrúm til að vara stefnanda við, eins og gefið sé í skyn af hans hálfu og miðað við.

Ljóst sé, að það hafi verið í valdi stefnanda eins að koma í veg fyrir slysið.

Einnig sé mótmælt þeim málásástæðum stefnanda, sem lúti að hlutlægrri ábyrgð stefnda. Stefnandi hafi þegar greitt stefnanda bætur skv. 172. gr siglingalaga nr. 34/1985 og 5. tl. 175. gr. sömu laga. Um frekari ábyrgð stefnda á grundvelli hlutlægrar ábyrgðar sé ekki að ræða, enda sé því mótmælt, að

einhverjar rýmkaðar ábyrgðarreglur gildi vegna vanbúnaðar eða bilunar búnaðar um borð í skipi, þó að sannaður væri.

Stefndi hafnar þeim skilningi stefnanda, að skylt hafi verið að halda sjópróf skv. XIII. kafla siglingalaga þegar við komu skipsins til Patreksfjarðar, eftir að slysið varð eða síðar. Skv. siglingalögum sé útgerð skylt að halda sjópróf, sé um meiri háttar líkamstjón að ræða. Það hafi ekki átt við hér. Teknar hafi verið lögregluskýrslur og slysið jafnframt tilkynnt Tryggingastofnun ríkisins, eins og málskjöl beri með sér.

Með vísan til framanritaðs styður stefndi sýknukröfu sína þeirri meginforsendu, að bótaskilyrði séu ekki uppfyllt. Verði slysið því hvorki rakið til vanbúnaðar um borð í skipinu né saknæmrar háttsemi skipstjóra, skipverja eða annarra starfsmanna stefnda. Miklu frekar verði slysið öðru fremur rakið til aðgæsluskorts stefnanda sjálfs eða til óhappatilviljunar, en ekki hafi tekist að sanna með óyggjandi hætti, hver voru tildrög þess.

Stefndi mótmælir kröfum stefnanda sem allt of háum, ef svo færi, að felld yrði á hann bótaskylda.

— — —

Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi skýrslu fyrir dóminum, og einnig var tekin skýrsla af Jóni Guðbjörnssyni, sem var stýrimaður á mb. Guðrúnu Hlín, þegar stefnandi slasaðist.

Stefnandi lýsti aðdraganda slyssins á þann veg, að hann hafi unnið að því að gogga inn fisk af línu, sem lögð hafi verið með beitingarvél. Lítil veiði hafi verið og því lítið að gera. Allt í einu hafi eitthvað skotist af línunni beint í auga sér. Taldi hann það annaðhvort hafa verið krók eða taum, sem tengi krók við línu. Þó væri líklegra, að um krók hafi verið að ræða, þar sem taumurinn væri svo stuttur, ca. 30 cm, að hann næði ekki að slást í andlit þeirra, sem gogguðu fiskinn af línunni. Sér hafi tekist að stöðva spilið, áður en hann leið út af. Þetta hafi gerst í þriðju veiðiferð sinni á skipinu, og hafi hann ekki áður stundað sjó. Slysið hafi þó ekki stafað af vankunnáttu að hans mati. Hann lýsti vinnutilhögun um borð þannig, að starfað hefði verið á sex tíma vöktum og sex menn skipt með sér verkum á tveggja tíma fresti í þeim verkahring, sem annaðist beitingu, lagningu línunnar og drátt hennar. Þrír sjái um beitinguna og gera línuna klára upp á rekka, einn sjái um að gogga og annar að kúttu. Taldi hann því ólíklegt, að hann hefði unnið að beitingu, áður en slysið varð, en aftök það ekki. Beitingarvél sé notuð til að leggja línuna. Hann kvað það ekki óalgengt, að krókar kræktust saman í sjónum, en þeir slitnuðu að jafnaði sundur, þegar þeir kæmu upp úr sjó. Hann hafi aldrei orðið þess var, að krókar þeyttust af línunni, en það hafi líklega valdið slysinu. Hann kvaðst hafa verið varaður við að hafa

hendur á rennunni, því að krókar gætu slegist til. Hann taldi, að stöðva þyrfti spilið á allt að hálftrar mínútu fresti, ef það væri alltaf gert, þegar krókar kæmu kræktir saman upp úr sjó. Hann kvaðst hafa ætlað að vera á skipinu í allt að hálf t. á. Hann hafi stundað tónlistarnám erlendis og stefnt á og stefni enn að því að læra upptökutækni og hljóðsetningu. Nú vinni hann fyrir sér sem tónlistarmaður. Hann upplýsti, að ákveðið hefði verið í október sl. að fjarlægja augað, og myndi hann fara í aðgerð um jólaleytið, en talið sé, að það muni taka allt að hálfu ári að græða í sig gerviauga, sem endast muni einhvern tíma.

Jón Guðlaugsson kvaðst hafa séð, þegar stefnandi varð fyrir slysinu. Hann kvaðst enga möguleika hafa átt til að vara stefnanda við, áður en slysið varð, og koma þannig í veg fyrir það. Línan sé dregin svo hratt inn. Hann taldi ólíklegt, að krókar flæktust saman í sjónum, það gerðist við lagningu línunnar. Hann kvað myrkur hafa verið, þegar slysið varð, en lýsing skipsins hefði verið notuð, og sjáist línan vel, þegar hún komi upp úr sjó. Hann upplýsti, að rofi til að stöðva spilið hefði verið innan seilingar sinnar. Fyrir komi, að stöðva þurfi spilið með þessum hætti. Hins vegar hafi spilið verið bilað um þetta leyti og rofinn því lítið notaður, þar sem hemillinn á spilinu hafi verið bilaður og allt runnið út af því, væri það stöðvað í drætti. Ekki minntist hann þess, að nokkuð annað hefði verið bilað, þegar slysið vildi til. Hann taldi það nokkuð algengt, að krókar kræktust saman í sjó, og færi það eftir því, hversu vel væri unnið að því að greiða línuna í sundur, þegar hún færi í beitingarvélinu. Hann vissi ekki, hver hefði unnið það verk umrætt sinn.

Forsendur og niðurstaða.

Stefnandi styður málsókn sína á hendur stefnda við það, að orsakir slyssins megi rekja til vanbúnaðar skipsins, s. s. bilunar í tækjum, eða mannlegra mistaka, m. a. við beitingu eða lögn línunnar. Stefnandi kveðst enga sök eiga á tjóni sínu. Þá heldur stefnandi því fram, að ekki hafi verið gætt lög-mæltra aðferða við rannsókn slyssins í samræmi við fyrirsmáli 1. tl. 219. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Sú skylda sé lögð á herðar skipstjóra (224. gr.) að láta sjópróf fara fram, m. a. þegar einhver í áhöfn skips hafi orðið fyrir meiri háttar líkamstjóni. Engum vafa sé undirorpið, að líkamstjón stefnanda falli að skilyrðum tilvitnaðs lagaákvæðis. Ýmis atriði séu óljós um til-drög slyssins, sem nákvæm rannsókn á orsökum þess hefði getað varpað ljósi á. Engin rannsókn hafi farið fram á búnaði véla og tækja í skipinu né heldur á því, hvernig staðið hafi verið að stjórnun beitingarvélarinnar, sem leggi línuna, en miklu skipti, hvernig þar var að verki staðið, eins og stýri-

maður skipsins hafi upplýst dóminn um. Þá hafi stýrimaður einnig borið um það, að spilbúnaði skipsins hafi verið áfátt, en það hafi ekki verið kannað sérstaklega og mögulegur þáttur þessa í atburðarásinni.

Allt þetta leiði til þess, að leggja beri sönnunarbyrði á stefnda um öll þau atriði, sem hugsanlega hafi getað valdið slysinu og rakin eru hér að framan.

Stefndi mótmælir framangreindum málástæðum stefnanda og leggur áherslu á það, að stefnandi hafi sjálfur valdið slysinu með óvarkárni sinni eða að um hreina óhappatilviljun hafi verið að ræða, sem stefndi beri ekki ábyrgð á. Að öðru leyti vísast til rökstuðnings stefnda hér að framan.

Málið liggur þannig fyrir dómnum, að óljóst þykir, hvað slysinu olli. Þó þykir víst, að frumástæða þess hafi verið sú, að tveir önglar hafi krækst saman í sjó og komið þannig upp á línurúlluna. Þar hafi annaðhvort krókur slitnað af taumi þeim, sem tengir hann við línu, og spýst í auga stefnanda, eins og hann telur líklegt, að gerst hafi, eða taumurinn sjálfur hafi slegist í auga stefnanda, eins og Jón Guðlaugsson stýrimaður segir í skýrslu sinni hjá lögreglunni á Patreksfirði 22. september 1993. Aðrir eru ekki til frásagnar um tildrög slyssins en þessir tveir. Dómurinn lítur því svo á, að sjópróf myndu engu frekar hafa leitt í ljós þennan þátt atburðarásarinnar. Ekkert bendir heldur til þess, að slysið megi rekja til vanbúnaðar skipsins. Bilun sú í spilbúnaði og afsláttarrofa í stýrishúsi, sem stýrimaður skipsins greindi dómnum frá, hefur á engan hátt átt þátt í slysinu að mati hinna sérfróðu meðdómsmanna.

Sú staðreynd er alkunn, að lína geti flækst í sjó og krókar krækst þar saman. Liggja til þess margar og ólíkar orsakir. Stefnandi upplýsti dóminn um það, að þetta væri svo algengt, að hann myndi hafa þurft að stöðva línudráttinn á hálfrar mínútu fresti, hefði hann gert það í hvert skipti, sem krókar komu upp saman kræktir. Sá, sem stjórnar línudrætti og ber í fisk, er undir þá áhættu seldur, að samkræktir krókar og flækt lína geti valdið honum skaða, svo sem varð í tilviki stefnanda. Þetta leiðir af eðli starfsins. Þeim, sem starfið vinna, ber því að sýna sérstaka aðgæslu. Sama varúðarskylda hvílir á þeim, sem fylgjast eiga með þeim, er vinna við línudráttinn. Stefnandi kveðst hafa verið varaður við og að gæta handa sinna við umrætt starf, svo að honum var ljós sú hættu, sem því var samfara. Stýrimaður skipsins var í brú þess og fylgdist með stefnanda. Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að hvorki stefnandi né stýrimaður hafi átt þess nokkurn kost að koma í veg fyrir slysið, jafnvel þótt báðir hafi veitt því athygli, að krókar komu samkræktir upp úr sjó. Það gerist í sömu andránni, að krókar komu upp á línurúlluna og þeir slitna af taumnum.

Það er því álit dómsins, að slysið hafi gerst fyrir hreina óhappatilviljun, sem hvorugur málsaðili beri sök á.

Þessi niðurstaða leiðir til þess, að sýkna ber stefnda, Háanes hf., af kröfum stefnanda.

Eins og atvikum er hér háttað, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Engar kröfur voru gerðar af stefnanda hálfu á hendur réttargæslustefnda, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, sem gerði ekki heldur kröfur á hendur málsaðilum.

Stefnandi fékk gjafsókn í málinu hjá dómismálaráðuneytinu 9. desember 1994.

Skv. þessu skal ríkissjóður greiða Vilhjálmi Árnasyni hrl., lögmanni stefnanda, 439.050 kr. í málskostnað, þar af í málflutningsþóknun 350.000 kr. að viðbættum virðisaukaskatti, 85.750 kr.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan dóm ásamt meðdómendunum Halldóri Ibsen og Karli Njálssyni.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Háanes hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Davíðs V. Magnússonar.

Málskostnaður fellur niður.

Ríkissjóður skal greiða Vilhjálmi Árnasyni hrl., lögmanni stefnanda, 439.050 kr. í málskostnað.
